



Réttur barna til menntunar

Málþing um skólasókn - skólaforðun

20. maí 2019

Salvör Nordal, umboðsmaður barna



Umboðsmaður barna

- Hlutverk umboðsmanns barna er að efla þátttöku barna í samfélaginu og vinna að því að tekið sé fullt tillit til hagsmuna, þarfa og réttinda þeirra á öllum sviðum
- Börn og unglingar á aldrinum 0-18 ára geta leitað til umboðsmanns og fengið aðstoð og upplýsingar um réttindi sín.
 - Hægt er að senda tölvupóst, hringja eða koma á staðinn



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

Hlutverk umboðsmanns barna

- Leiðbeina öllum sem til hans leita um réttindi barna og hvernig er hægt að ná þeim fram.
- Hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna.
- Koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda er varða börn sérstaklega.
- Stuðla að því að Barnasáttmálinn sé virtur sem og aðrir þjóðréttarsamningar sem hafa verið fullgiltir af Íslands hálfu.
- Bregðast við með tiltækum úrræðum ef hann telur að réttindi barna séu brotin með athöfnum eða athafnaleyssi.

Umboðsmanni
barna er **ekki**
ætlað...

...að taka við verkefnum sem öðrum
stjórnvöldum, stofnunum eða einstaklingum
hefur verið falið að vinna samkvæmt lögum.
(T.d. barnavernd, sýslumaður, lögregla)

... að taka til meðferðar ágreining milli
einstaklinga eða ágreining milli forsjáaðila
barna og stofnana

Umboðsmaður hefur ekki úrskurðarvald og
getur ekki beitt þvingunarúrræðum.

Skólaleyfi eða börn utan skóla

- Skólaleyfi
 - Leyfi sem foreldrar sækja um fyrir börn sín t.d. vegna ferðalaga
- Skólaforðun
 - Miklar fjarvistir frá skóla
- Börn utan skóla – eða með skerta stundatöflu
 - Börn sem lenda utan skólakerfis. Alvarlegur hegðunarvandi eða aðra ástæður leiða til þess að þeim hefur verið vísað úr skóla og fá ekki viðeigandi úrræði

Barnasáttmálinn um rétt barna til menntunar

28. og 29. gr.

- **28. gr í stuttu máli**

„Börn eiga rétt á grunnmenntun án endurgjalds og skulu eiga kost á framhaldsmenntun og upplýsingum og ráðgjöf um nám og störf. Aðildarríkjum ber að koma á skólaskyldu, **gera ráðstafanir sem stuðla að reglulegri skólasókn og reyna að draga úr brottfalli nemenda.** Agi í skólum skal samrýmast mannlegri reisn barnsins og vera í samræmi við sáttmála þennan.“






Réttur til menntunar frh.

- **29. gr. í stuttu máli**

„Menntun á gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishópa. Stuðla ber að virðingu fyrir mannréttindum, mismunandi menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, öðru fólki og náttúrulegu umhverfi mannsins.“



Barnaréttarnefnd
Sameinuðu
þjóðanna

Barnaréttarnefndin hefur gefið það út að menntun sé ekki einungis fjárfesting til framtíðar heldur hafi menntun einnig félagslegt gildi þar sem börn læra t.d. mannleg samskipti, virðingu gagnvart öðrum og þátttöku í samfélaginu.

Nefndin telur að það þjóni bestu hagsmunum barnsins að það hafi aðgang að endurgjaldslausri menntun, formlegri eða óformlegri. Því ber alltaf að virða rétt barns til menntunar við mat á því sem er barninu fyrir bestu.

Grunnskólalög nr. 91/2008

- 2. gr. *Markmið*
 - Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.
 - Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.
- 3. gr. *Skólaskylda*
 - Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.
 - Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri.



Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010

- 4. gr. *Skyldur sveitarfélaga og réttindi nemenda*
 - Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skóla án aðgreiningar og án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.
 - Nemendur í grunnskóla eiga rétt á að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur miðað við aldur þeirra og þroska og þeim veitt aðstoð, þar sem tekið er tillit til sérþarfa þeirra og aldurs.
- 8. gr. *Stuðningur – námsumhverfi*
 - Stuðningur við nemendur eða nemendahópa felst í sveigjanlegu og margbreytilegu námsumhverfi og kennsluháttum sem ætlað er að mæta þörfum allra nemenda.

Aðalnámskrá grunnskóla

• Kafli 7.2 *Jöfn tækifæri til náms*

- Allir nemendur í grunnskóla eiga rétt á að stunda nám við sitt hæfi og eiga tækifærin að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins.
- Er sérstaklega áréttað að tækifærin séu sambærileg og óháð því hvernig heilsufari viðkomandi nemandi er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru að öðru leyti.

• Kafli 7.3 *Nám í skóla án aðgreiningar*



- Kveðið er á um skyldu sveitarfélaga að sjá til þess að skólaskyld börn fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir þeirra.
- Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.



Dæmi um erindi til UB vegna barna í grunnskóla

- Nokkuð er um erindi þar sem börn virðast ekki fá viðeigandi þjónustu eða stuðning til að sækja skóla vegna sérþarfa, hegðunarvanda eða þau sækja ekki skóla vegna vanlíðunar.
- Þrjú erindi á þessu skólaári um ákvörðun skólastjórnenda um að skerða stundatöflu nemanda sem á í erfiðleikum á meðan aðrir fá kennslu samkvæmt venjulegri stundatöflu.
- Dæmi um mjög ung börn (6-7 ára) sem eru að stíga sín fyrstu skref í grunnskóla þar sem skólinn virðist ekki ráða við vandann og grípur til þess að vísa barni frá skóla og/eða skerða stundatöflu viðkomandi.

Viðbrögð embættisins



Fatlaðir drengir fengu ekki inngöngu í framhaldsskóla (12. október 2017)

- Bréf sent til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna tveggja drengja sem fengu ekki inngöngu í framhaldsskóla þar sem sérþarfir þeirra þóttu það miklar að framhaldsskólar voru ekki í stakk búnir að taka við þeim.
- Ítrekuð fræðsluskylda stjórnvalda sem felur í sér að öll börn sem lokið hafa grunnskólanámi eða náð 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.
- Einnig vísað til 28. gr. Barnasáttmálans um að öll börn eigi rétt á framhaldsmenntun við hæfi.
- Umboðsmaður skoraði á mennta- og menningarmálaráðuneytið að virða réttindi barna og tryggja drengjunum framhaldsmenntun við hæfi sem fyrst.
- Einnig óskað eftir upplýsingum um það til hvaða ráðstafana ráðuneytið ætlaði að grípa til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að samskonar staða komi ekki upp aftur.

Svar ráðuneytisins (31. október 2017)

- Drengirnir fengu skólavist 1. nóvember 2017.
- Ráðuneytið hafði falið Menntamálastofnun að hafa umsjón með allri innritun í framhaldsskóla og veita ráðuneytinu upplýsingar um niðurstöður forinnritunar í apríl ár hvert.
- Vegna persónuverndarsjónarmiða er grunnskólum ekki heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar heldur er það ábyrgð foreldra að sjá til þess að þær upplýsingar berist til hlutaðeigandi. Af þeim sökum fá Menntamálastofnun og ráðuneytið ekki tæmandi upplýsingar um fjölda fatlaðra nemenda sem þurfa á námsvist á starfsbrautum að halda.

Börn á skólaskyldualdri sem eru utan skóla (19. mars 2018)

- Bréf sent til menntamálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur, þáverandi formanns sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldórs Halldórssonar og forstjóra Menntamálastofnunar, Arnórs Guðmundssonar.
- Aðdragandi bréfsins var að umboðsmanni barna hafði borist ítrekuð erindi á undanförnum árum er vörðuðu börn á skólaskyldualdri sem af ólíkum ástæðum mættu stopult í skóla, fengu ekki skólavist við hæfi eða voru jafnvel utan skóla
- Umboðsmaður barna óskaði eftir því að stjórnvöld og sveitarfélög bregðist við og greini sérstaklega stöðu barna utan skóla, hversu mörg börn um ræðir og hverjar séu helstu ástæður þess að börnin sækja ekki skóla. Í kjölfarið verði fundnar leiðir til að bregðast við með viðunandi hætti og tryggja rétt barna til menntunar.

Viðbrögð við erindi umboðsmanns barna

- Umboðsmaður barna og ráðgjafarhópur umboðsmanns funduðu með menntamálaráðherra. (september 2018)
- Skólamálanefnd sambands íslenskra sveitarfélaga tók málið fyrir á fundi í júní sama ár. Einnig var farið yfir skýrslu Reykjavíkurborgar um skólaforðun barna í efri bekkjum grunnskóla og við upphaf framhaldsskóla. (júní 2018)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið svaraði bréfinu þann 20. nóvember 2018 og tók undir beiðni umboðsmanns og greindi frá því að ráðuneytið ætli að afla upplýsinga hjá sveitarfélögum um fjölda nemenda utan grunnskóla á yfirstandandi skólaári og ástæður þess. Könnun á að fara fram á vormánuðum 2019.

Fræðsluskylda stjórnvalda (3. september 2018)

- Bréf sent til mennta- og menningarmálaráðuneytisins
- Umboðsmaður barna fær reglulega ábendingar um börn á fræðsluskyldualdri sem sækjast eftir því að halda áfram námi eftir námshlé eða er neitað um skólavist vegna slakrar mætingar eða námsárangurs.
- Umboðsmaður barna benti á að stjórnvöldum bæri að tryggja rétt þeirra barna sem sækjast eftir því að stunda nám í framhaldsskóla fram að 18 ára aldri og óskaði eftir svörum við því hvernig fræðsluskyldan væri tryggð í framkvæmd.
- Svar barst frá ráðuneytinu 20. nóvember 2018 og ritaði umboðsmaður barna í kjölfarið annað bréf þann 14. desember 2018 þar sem óskað var eftir álitum ráðuneytisins á atriðum er tengjast menntun barna í framhaldsskóla og þá sérstaklega ábyrgð framhaldsskóla á stuðningi við nemendur í vanda
- Einnig óskaði umboðsmaður barna eftir öllum úrskurðum ráðuneytisins í málum er varða brottvísun nemenda úr framhaldsskólum vegna brota á skólareglum um námsárangur og/eða mætingu frá gildistöku framhaldsskólalaga árið 2008.
- Svar frá ráðuneytinu hefur ekki enn borist og umboðsmaður barna hefur ekki fengið aðgang að umræddum úrskurðum.



Netsíða: www.barn.is



Myndir frá www.norden.org